



Fundur haldinn í stjórn Listasafns Árnesinga bs., á Teams þriðjudaginn 8. júní kl. 8:30

Mætt: Njörður Sigurðsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson sem jafnframt ritar fundargerð, Kristín Scheving safnstjóri og Arna Ír Gunnarsdóttir formaður.

Dagskrá:

1. Framkvæmdir á þaki safnsins

Vinna við fyrri hluta nauðsynlegs viðhalds á húsnæði listasafnsins er komin í gang. Þar er um að ræða endurnýjun á þakgluggum.

Verkfræðistofan Efla hefur ekki skilað af sér útboðsgögnum varðandi seinni hluta viðhalds á húsnæðinu þrátt fyrir vettvangskonun í byrjun maí og er það miður. Vegna þess er tíminn að hlaupa frá okkur varðandi frekari viðhaldsvinnu í sumar. Nauðsynlegt er að verkfræðistofan skili útboðsgögnum af sér hið fyrsta svo viðtakandi stjórn Listasafns Árnesinga hafi ráðrúm til að samþykkja þau til útboðs sem allra fyrst. Það er verulega slæmt að missa af sumrinu til viðhalds vegna seinagangs Eflu.

Fráfarandi stjórn leggur mikla áherslu á það að fyrstu framkvæmdir við húsið klárast sem fyrst og að haldið verði áfram með vinnu við viðhald hússins eins og þegar hefur verið samþykkt og áætlanir gera ráð fyrir.

2. Endurnýjun á yfirdrætti hjá Landsbanka Íslands.

Stjórn samþykkir að sótt verði um framlengingu á yfirdrætti fyrir Listasafn Árnesinga til eins árs, kr. 1.500.000,- hjá Landsbankanum.

3. Endurskoðun á fjármálum listasafnsins.

Kristín ræddi að í ljósi hallareksturs á listasafninu á síðasta ári væri nauðsynlegt að endurskoða rekstur safnsins og endurskipuleggja fjármálin.

Þar sem þetta er síðasti fundur kjörtímabilsins óskar fráfarandi stjórn Listasafni Árnesinga allra heilla og farsældar, með von um að öflugt og metnaðarfullt starf safnsins muni blómstra til framtíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50.

Arna Ír Gunnarsdóttir
Njörður Sigurðsson
Bjarni Hlynur Ásbjörnsson
Kristín Scheving